



2021 - 2031

UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSSTEFNA DALABYGGÐAR

Sveitarfélagið Dalabyggð
Miðbraut 11, 370 Búðardal
430-4700
dalir@dalir.is
www.dalir.is

Umhverfis- og loftslagsstefna Dalabyggðar

Af hverju umhverfis- og loftslagsstefna?

Samkvæmt 5. gr. c. í lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál ber sveitarfélögum að setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að sveitarfélög setji sér loftslagsstefnu, skv. lögum um loftslagsmál, og innleiði aðgerðir samkvæmt henni.

Krafa er um að loftslagsstefna taki til alls rekstur sveitarfélagsins. Það á þá einnig við um undirstofnanir þess eins og skrifstofur, skóla, sundlaugar og bókasöfn svo eitthvað sé nefnt. Var það vilji sveitarfélagsins Dalabyggðar að flétta saman umhverfis- og loftslagsstefnu þar sem ýmsir þættir beggja stefna eiga samleið og með því að gera heildstæða stefnu er hægt að sinna hlutverki sveitarfélagsins betur í þeim málum.

Þar sem um stórt verkefni er að ræða fyrir fámennit sveitarfélag sem ekki hefur áður mótað sér stefnu í þessum málum mun þessi stefna aðeins eiga við um rekstur og starfsemi sveitarfélagsins sem stofnunar og undirstofnanir þess en ekki sveitarfélagið í heild.

Framkvæmd og ábyrg

Sveitarstjóri Dalabyggðar ber ábyrgð á framkvæmd umhverfis- og loftslagsstefnu sveitarfélagsins en eftirlit með framkvæmd hennar er á ábyrgð sveitarstjórnar. Umhverfis – og skipulagsnefnd fer með endurskoðun og uppfærslu stefnunnar, markmiða- og aðgerðaáætlunar hennar eftir þörfum og tekur við það mið af breytingum og nýrri þekkingu á umhverfis- og loftslagsmálum. Uppfærð stefna öðlast gildi eftir samþykki sveitarstjórnar. Aðgerðaáætlun er markviss og í samræmi við stefnuna, þar sem þess er getið innan hvaða tíma aðgerðum skuli lokið. Mælst er til þess að stefna sé sett til 10 ára í senn en yfirfarin árlega.

Framtíðarsýn

Sveitarfélagið Dalabyggð á að vera fyrirmynd í því hvernig gengið er um náttúru og auðlindir í sveitarfélaginu og leggja sitt af mörkum gegn loftslagsbreytingum. Dalabyggð ætlar að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sveitarfélagsins í lágmarki ásamt því að tryggja umbætur í rekstri þess til að svo geti orðið. Sveitarfélagið leggur sitt af mörkum til að skuldbindingar íslenskra stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum séu virt og tekur þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar. Dalabyggð tryggir að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi þess sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á áhrifum sveitarfélagsins á umhverfið. Stefnan felur meðal annars í sér skuldbindingu um að rekstur sveitarfélagsins verði kolefnishlutlaust árið 2040 og markmið um umbætur í úrgangsmálum og umhverfisfræðslu. Allt verði þetta unnið af virðingu við náttúru, umhverfi og samfélagið sjálft.

Yfirmarkmið

Dalabyggð mun beita sér fyrir markvissum aðgerðum til að draga úr losun, ná kolefnishlutleysi, vera leiðandi í aðgerðum og auka þekkingu á umhverfis- og loftslagsmálum bæði hjá starfsmönnum og íbúum ásamt því að nýting landsvæða og auðlinda sé sjálfbær.

Áherslur

1. Vakta loftslagsmál í rekstri sveitarfélagsins m.a. með virkri þátttöku í verkefninu „Loftslagsvænni sveitarfélög“.
2. Draga úr losun og vinna að kolefnishlutleysi m.a. í samstarfi við undirstofnanir.
3. Lágmarka rask á náttúru m.a. með eftirliti á viðkvæmum svæðum og að tillit sé tekið til þess við framkvæmdir ásamt uppbyggingu grænna svæðia í sveitarfélaginu.
4. Uppbygging, viðhald og breytingar á gatnakerfi taki mið af þörfum og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.
5. Frekari uppbygging hleðslu- og áfyllingastöðva vistvænna ökutækja til að styðja við og hvetja til orkuskipta.
6. Fræðsla og vitundankning um mikilvægi minni losunar og aðgerðir þar að lútandi ásamt náttúruvernd og sjálfbærri landnýtingu ásamt samþættingu við skipulagsmál sveitarfélagsins.
7. Hvetja til betri nýtingar aðfanga sem er að finna innan sveitarfélagsins s.s. er varðar mótuneyti og matsölu þar sem hráefni úr héraði er nýtt.
8. Hvatning til samstarfsaðila um notkun umhverfisvænna efna s.s. er varða þrif- og varnarefni.

Mælanleg markmið

- Breytingar til batnaðar sjáist í skráningum varðandi rekstur sveitarfélagsins í verkefninu „Loftslagsvænni sveitarfélög“.
- 25% samdráttur verði í losun vegna starfsemi og reksturs sveitarfélagsins fyrir 2030.
- Óflokkaður úrgangur frá stofnunum sveitarfélagsins verði í algjöru lágmarki eða enginn árið 2028.
- Kolefnishlutleysi verði náð eigi síðar en 2040 vegna starfsemi og reksturs sveitarfélagsins.
- Innviði fyrir vistvæna ferðamáta verði eflað m.a. með göngu- og hjólastígum, hleðslu- og áfyllingastöðvum.
- Fyrir hópþreifreiðar sem notaðar eru við skólaakstur í sveitarfélaginu er gerð sú krafa að vélar uppfylli a.m.k. kröfur EURO IV staðals en jafnframt er óskað að vélin hafi eins háan EURO staðal og hægt er miðað við framleiðsluár hópferðabifreiðar.
- Verktakar sem vinna á vegum sveitarfélagsins skili inn upplýsingum um eldsneytisnotkun við þá vinnu.

Tenging við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

- Markmið 11: Sjálfbær samgöngutæki, bætt vegakerfi, aðkoma íbúa að skipulagsmálum, draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum, örugg græn svæði.
- Markmið 12: Sjálfbærari neysla, draga úr sóun, notkun umhverfisvænna efna, aukin endurvinnsla og endurnýting, horft til sjálfbærni við opinber innkaup, upplýsingar og fræðsla.
- Markmið 13: Auka áætlanir og forvarnir, auka vægi í stefnumótunum og skipulagi, menntun og fræðsla.

Gildissvið

Stefnan sem hér er sett fram tekur til reksturs og starfsemi sveitarfélagsins Dalabyggðar og varðar alla starfsmenn þess og undirstofnana. Þær undirstofnanir sem Dalabyggð rekur og stefnan tekur einnig til eru leik-, grunn- og tónlistarskóli undir Auðarskóla, bókasafn og dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún. Reynt er eftir fremsta magni að fylgja stefnunum og mæla þá þætti sem falla undir stefnuna á þessum starfsstöðvum.

Umfang

Umhverfis- og loftslagsstefna Dalabyggðar tekur á losun gróðurhúsalofttegunda en einnig umhverfisáhrifum sveitarfélagsins í víðara samhengi. Stefnan tekur til eftirfarandi þátta sem reynt er eftir fremsta megni að mæla og fylgjast með m.a. með skráningu í losunarbókhalði.

Samgöngur

- Losun vegna aksturs bifreiða í eigu eða notkun sveitarfélagsins s.s. bílaleigubíla.

Vélar og tæki

- Losun vegna notkunar og aksturs véla/tækja í eigu eða notkun sveitarfélagsins.

Orkunotkun

- Rafmagnsnotkun skrifstofu og undirstofnana sveitarfélagsins.
- Heitavatnsnotkun skrifstofu og undirstofnana sveitarfélagsins.

Úrgangur

- Lífræns úrgangs sem fellur til á skrifstofu og undirstofnunum sveitarfélagsins.
- Blandaðs úrgangs sem fellur til á skrifstofu og undirstofnunum sveitarfélagsins.
- Heildarmagns úrgangs sem fellur til á skrifstofu og undirstofnunum sveitarfélagsins.
- Magn skrifstofupappírs sem notaður er á skrifstofu og undirstofnunum sveitarfélagsins.
- Endurvinnsluhlutfalls á skrifstofu og undirstofnunum sveitarfélagsins

Innkaup

- Pappírnotkun og magn skrifstofupappírs sem keyptur er.
- Hlutfall umhverfisvottaðra skrifstofuvara sem keyptar eru.
- Reynt sé að nýta aðföng sem er að finna innan sveitarfélagsins í sem mestum mæli til að draga úr losun við flutning þeirra.
- Hlutfalli einnota rekstrarvara líkt og pappamála verði haldið í lágmarki.

Efnanotkun

- Magn ræsti- og hreinsiefna sem skrifstofa og undirstofnanir sveitarfélagsins kaupa og nýta.
- Hlutfall umhverfisvottaðra ræsti- og hreinsiefna sem skrifstofa og undirstofnanir sveitarfélagsins kaupa og nýta.
- Hlutfall umhverfisvottaðra varnarefna sem keypt og notuð eru í starfsemi sveitarfélagsins.

Áherslur í umhverfis- og loftslagsmálum

- Dregið úr losun frá ökutækjum m.a. með því að nýta fjarfundi í meiri mæli.
- Endurvinnsla aukin og þannig dregið úr losun frá og magni óflokkaðs sorps.
- Orkusparnaður með því að stýra lýsingu í rými sem ekki er í notkun.
- Fræðsla meðal starfsfólks skrifstofu og undirstofnana sveitarfélagsins um umhverfis- og losunarmál.
- Hvetjum til virkrar þátttöku í umhverfis- og loftslagsmálum til góða í sveitarfélaginu.
- Ástundum umhverfisvæn innkaup.
- Vinnum að kolefnisjöfnun með skynsömum hætti.
- Innleiðum verklag og lausnir sem auðvelda umhverfisvæna starfsemi.

- Kannaðir verði möguleikar á mótvægisáðgerðum s.s. er varða endurvinnslu á hverskyns plasti (m.a. sem fellur til í landbúnaði), skógrækt utan samninga, samnýting hópferðabíla (m.a. í skólaakstri grunn- og leikskólabarna), uppbygging og viðhald á grænum svæðum

Fræðsla

Eitt af meginmarkmiðum stefnunar er að starfsmenn skrifstofu og undirstofnana sveitarfélagsins verði meðvitað um hvað felst í henni og hvernig sé best að vinna eftir henni til að markmið náist. Þá er ætlunin að deildarstjórar fái sérstaka kynningu á hvert hlutverk þeirra er í aðgerðaáætlun og geti miðlað upplýsingum og þekkingu til starfsfólks innan sinna deilda. Sveitarfélagið leitist við að koma fræðslu á framfæri til íbúa er varða loftslagsmál. Þá verði skoðað hvort skrifstofa sveitarfélagsins og undirstofnanir þess eigi inni í græn verkefni sem styðja við markmið og áherslur loftslagsstefnunar.

Kolefnisjöfnun

Sveitarfélagið ætlar að gera það að stefnu sinni að taka ekki þátt í að kaupa kolefnisjöfnunareiningar heldur vinna frekar að bætingu innan síns héraðs m.a. með mælanlegum mótvægisáðgerðum. Kaup á slíkum einingum eru villandi fyrir raunverulega stöðu sveitarfélagsins í umhverfis- og loftslagsmálum. Markmið Dalabyggðar er að draga raunverulega úr losun í sveitarfélaginu og framkvæma mótvægisáðgerðir til að vinna gegn þeirri losun sem þó verður.

Eftirfylgni

Sveitarfélagið Dalabyggð hefur ekki haldið sérstaklega utan um umhverfispætti í starfsemi sinni en er skráð til þátttöku í „Loftslagsvænni sveitarfélög“ frá lokum júní 2021. Markmiðið er að skila inn loftslagsbókhaldi vegna reksturs og starfsemi skrifstofu og undirstofnana sveitarfélagsins fyrir 1. maí ár hvert. Þá verði umhverfis- og loftslagsstefna sveitarfélagsins rýnd árlega af umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar fyrir 1. júní ár hvert. Stefnan er uppfærð eftir að samþykki sveitarstjórnar liggur fyrir.